# Gerð verkefna og æfinga í hermi

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## 1. Tilgangur

Þessi verklagsregla lýsir ferlinu þegar nýr námsmatsþáttur er gerður til notkunar í vélarúmshermi
Vinnuferlið tryggir (1) að skipulegar aðferðir séu notaðar við gerð námsmatsþátta, (2) að námsmatsþættirnir uppfylli kröfur STCW samþykktar IMO um vaktir í vélarúmi, og (3) að námsmatsþáttur sé prófaður af utanaðkomandi aðila.

## 2. Gildissvið

Vinnuferlið gildir fyrir alla námsmatsþætti í vélstjórn 5, og öðrum áföngum sem ætlað er að taka á vaktstöðu í vélarúmi með notkun hermis

## 3. Ábyrgð

**Skólameistari** ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt ferli um gerð námsmatsþátta í hermi, og ásamt áfangastjórum, fag-/brautarstjórum og kennurum ber honum að vera vakandi fyrir breytingum í íslensku og alþjóðlegu starfs- og gæðaumhverfi skólans.

**Brautarstjóri** er ábyrgur fyrir að fylgjast með gerð námsmatsþátta í Hermi. Nýja námsmatsþætti ásamt endurskoðun eldri námsmatsþátta og að námsmatsþættir uppfylli þær kröfur sem þeim er ætlað
Hann er einnig ábyrgur fyrir að fylgjast með þróun á starfsemi IMO, útgáfu nýrra reglugerða, laga eða alþjóða samþykkta sem áhrif hafa á framsetningu námsmats sem notað er í hermi.


**Kennarar** eru ábyrgir fyrir að námsmat sé alltaf uppfært og endurskoðað á lágmark þriggja ára fresti

## 4. Framkvæmd

Vinnuferlið er eftirfarandi:

- Kennari/höfundur semur námsmat þar sem hermir er notaður.
- Kennari/höfundur fyllir út gátlista gát-074 þar sem fram kemur m.a. á hvaða þáttum STCW samþykktarinnar verkefnið á að taka
- Kennari/höfundur fær utanaðkomandi aðila til að prófa verkefnið og staðfesta að það virki sem skildi og að það taki á þeim þáttum STCW sem því ætlað sá sem rýnir notar gát-075
- Brautarstjóri fer yfir gátlista og undirritar hann til staðfestingar að gátlisti sé rétt útfylltur og verkefnið/námsmatið sé samþykkt

## 5. Flæðirit




## 6. Tilvísanir í skjöl

gat-074-gerd_namsmats_i_hermi